

153. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
5. 3. 2025 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Steinunn Hödd Harðardóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Ingunn Jónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Sindri Örn Elvarsson, Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Vala Prastardóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir

Fjarverandi: Lind Völundardóttir, Þórgunnur Torfadóttir og Valdís Björg Friðriksdóttir

Ársreikningur

Drög að ársreikningi lágu fyrir fundinum. Hugrún Harpa fór yfir helstu liði ársreiknings sem stjórn gerir ekki athugasemdir við. Ársreikningur verður aftur tekinn fyrir á aukafundi stjórnar í lok mars þegar lokið hefur verið við könnun og endanlegur reikningur liggur fyrir.

Ársfundur

Hugrún Harpa ræddi mögulega tímasetningu fyrir ársfund stjórnar. Ákveðið að senda út könnun á stjórn til að finna dagsetningu sem hentar stjórnarmönnum. Stefnt er að því að halda ársfund fyrir páska

Nýir starfsmenn

Eva Bjarnadóttir og Eyrún Fríða komu inná fundinn og kynntu sig og sögðu frá helstu verkefnum sem þær vinna að innan setursins.


HeimaHöfn - málþing

Hugrún Harpa sagði frá fyrirhuguðu málþingi HeimaHafnar sem haldið verður 23.-24. september í Nýheimum. Til málþingsins verður boðið fulltrúum sveitarfélaga af landsbyggðinni en umfjöllunarefni þess verða málefni ungs fólks og efling landsbyggðar samfélaga.

Önnur mál

Gunnar Þór greindi frá því að hann hefur óskað eftir því að losna undan stjórnarsetu sem fulltrúi Háskóla Íslands. Unnið verður að því að skipa nýjan fulltrúa fyrir HÍ. Stjórn þakkar Gunnari gott og ánægjulegt samstarf.

Fundi slitið klukkan 10:00



Hugrún Harpa Reynisdóttir